


sneiðing A-A 1:100



afstöðumynd 1:500

byggingarlýsing:

Húsið er staðsteypt einbýlishús á 2 hæðum, einangrað að utan með 120 mm steinullareinangrun. Múrað, sléttþússað með Weber múrkerfi og málað hvítt að utan á jarðhæð og klætt með álklaðningu í mismunandi breiðum pönnum í grábrúnum lit og timbri á efri hæð. 100 mm plasteinangrun (pólystýren) á þjöppuðu sandlagi undir gólfplötu. Vatns og raflagnir lagðar í rör í rör kerfi. Gólfhitakerfi verður í öllu húsinu nema í bílskúr, þar er ofn. Frárennsli hitaveitu fari í upphitað bílapan og þaðan í regnvatnslögn og skal hámarkshitastig vera 20°, sjá 2.16. almenna framkvæmdaskilmála. Gera skal ráðstafanir til að heitt vatn valdi ekki brunaskaða á húð, t.d með viðurkenndum blöndunartækjum á töppunarstað og varmaskiptir eða uppblöndun sem tryggir að vatn fari ekki að töppunarstað heitara en 60°. Gólfniðurfall sé í öllum votrymum. Vélræn loftræsing er í eldhúsi, baðherbergjum og þvottahúsi ásamt náttúrulegri loftræsingu að hluta samkv. gr. 10.2.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, sjá nánar verkeikningar verkfræðings.

Gluggar smíðast úr timbri og í samræmi við ÍST 40 og 41, settir í eftir á, sjá sérteikningar. Gluggar eru álklaðdir, td. með LUX kerfi og með innbrenndu lakki í lit RAL 7016. Þar sem björgunarop eru í gluggum skal ljósop opsins vera min 60x90. Innanmál útihurða skal vera amk 90cm. í gólf síðum gluggum skal vera hert gler að innan skv. Byggingarreglugerð nr. 112/2012. Svalahandið skulu vera úr hertu samlimdu gleri með samfeldum handlista innan á eða ofan á gleri.

Yfir húsinu öllu er hallandi þak byggt úr sperrum (45x245mm), sjá teikningu verkfræðings og er það einhalla upp, sjá sérteikningar. Þakið er með ábræddum pappalögum, einangrað með 220mm steinull (þakull) og uppbyggt á hefbundin máta. Lagt með læstri málmklæðningu vegna þakhalla sem er minni en 14°


Reykskynjarar komi í svefndeild, stofu og bílskúr, slökkvitæki staðsetjst á miðlægum stað á báðum hæðum. Veggir milli íbúðar og bílskúrs séu EI60 og hurð EI60CS. Loftaklæðning í bílskú sé í fl.1 og allar klæðn. í bílskú í fl. 1 Far skal eftir leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar um frágang eldstæða. Skorsteinspípa sé úr ryðfríu stáli frá Funa og kemur upp úr þaki. steypt sorpumgjörð er við hús, sjá sérteikningar.

U gildi útreiknanlegra byggingarhluta skal vera svo sem hér segir:


	W/m ² °K
Þak (létt timburþak):	0.19
Útveggir ("ein. að utan"):	0.36
Gluggar, vegið meðaltal, k-gler:	1.60
hurðir:	1.90
bílskúrshurð:	0.75
Gólf á fyllingu (m.gólfhita)	0.25
Útveggir, vegið meðaltal veggfl., glugga og hurða	0.60 W/m ² °K
Heildarvarmatap á fermeta húss:	1,56 W/m ² °C

Helstu stærðir:

lóð:	751m ²
brúttóflötur:	285,3 m ² br.
brúttórúmmál:	1.027,8 m ³ br.
nýtingarhlutfall:	0,36
Landnúmer:	228000



sneiðing B-B 1:100



sneiðing C-C 1:100

skýringar.:

verkheiti.: Völuskarð 8, Hafnarfirði einbýlishús

verkhúti.: byggingarlýsing, sneiðingar, afst.mynd

mkv.:	1:100 1:500
dags.:	27.07.'21
hannað.:	GG
teiknað.:	GG
blaðstærð.:	A-2

dags. breytinga.:

br. (a.):

br. (b.):

br. (c.):

br. (d.):

fylgiskjöl.:

Teiknistofan Archus slf.
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
s: 5677735, 8987894
kt: 681212-0860
www.archus.is

Guðmundur Gunnlaugsson, arkitekt FAÍ
kt: 190554-3419 - gg@archus.is

samp.:

